

Reykjavík, 19. febrúar 2020

## Bið eftir liðskiptum

Embætti landlæknis kallar reglulega eftir gögnum varðandi bið eftir völdum skurðaðgerðum en embættinu ber [lögum samkvæmt](#) að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Undanfarin ár hefur verið kallað eftir upplýsingum er varða bið eftir skurðaðgerðum þrisvar á ári en innköllunum hefur verið fækkað úr þremur í tvær til að skapa svigrúm fyrir eftirlit með fleiri biðlistum. Seinni innköllun ársins 2019 var í októbermánuði, þar sem meðal annars var spurt um bið eftir liðskiptum eins og áður. Til að bregðast við vangaveltum um algengi þess að einstaklingar væru skráðir á biðlista á fleiri en einum stað var í nóvember 2019, að frumkvæði embættisins, ráðist í ítarlega innköllun eftir upplýsingum um þá sem bíða liðskipta. Tölur um liðskiptaaðgerðir voru því ekki með í [greinargerð](#) um bið eftir völdum skurðaðgerðum sem birt var í desember sl., en þess í stað eru þær birtar nú.

## Aðferð

Kallað var eftir upplýsingum frá aðgerðastöðum sem gera liðskiptaaðgerðir á mjöðmum og hnjám. Óskað var eftir að fá kennitölu einstaklings (svo hægt væri að finna hugsanlegar tvískráningar og greina gögn eftir búsetu og aldri), dagsetningu skráningar á biðlista, hvernig aðgerð er fyrirhuguð og á hvorri hlið líkamans (þar sem einhverjir kunna að vera skráðir á biðlista eftir mismunandi liðskiptaaðgerðum). Svör bárust frá Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAk), Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE) og Landspítala (LSH). Klíníkin, Ármúla, sendi ekki inn gögn í ítarlegri innköllun þrátt fyrir beiðni, en tölur þaðan úr reglubundinni innköllun frá október 2019 má sjá í yfirlitstöflu á [vef](#). Við útreikning á biðtíma er miðað við þann dag sem gögn voru send embættinu; 6.12.2019 á Sjúkrahúsinu á Akureyri, 26.11.2019 á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og 12.12.2019 á Landspítala, en til einföldunar eru tölur frá öllum stöðunum merktar desember 2019. Gagnaskil fóru í gegnum vefskil á vef embættis landlæknis þar sem gögn eru dulkóðuð og flytjast sjálfkrafa inn á öruggt net hjá embættinu.


## Niðurstöður

Á heildina litið voru 1.148 á biðlista eftir liðskiptum, 371 beið eftir aðgerð á mjöðm en 777 biðu aðgerðar á hné. Alls reyndust 24 einstaklingar skráðir á biðlista eftir sömu aðgerð oftari en einu sinni, eða um 2%. Í ljósi þess hve endurtekningar reyndust fáar var öllum skráningum haldið inni við úrvinnslu gagna.

## 1. Liðskipti á mjöðm

Á sjúkrahúsunum þremur var alls 371 skráning á biðlista eftir liðskiptum á mjöðm. Ef horft er á fjölda á biðlista frá árinu 2014 hafa mest 428 einstaklingar verið skráðir á biðlista. Var það í febrúar 2016, um það leyti sem biðlistaátak hófst.

### LIÐSKIPTAÁÐGERÐ Á MJÖÐM: HEILDARFJÖLDI Á BIÐLISTA



Mynd 1.1. Heildarfjöldi á biðlista eftir liðskiptum á mjöðm

Meðalaldur var hæstur hjá þeim sem biðu eftir aðgerð á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, 72,4 ár, en var 66,6 ár að meðaltali hjá þeim sem biðu á Sjúkrahúsinu á Akureyri og 66,3 ár hjá þeim sem biðu aðgerðar á Landspítala. Flestir sem biðu voru á aldrinum 60-79 ára.

Aldurshópur	Fjöldi
20 - 29	1
30 - 39	7
40 - 49	21
50 - 59	57
60 - 69	108
70 - 79	127
80 - 89	47
90 - 99	3
<b>Samtals</b>	<b>371</b>

Tafla 1.1. Aldursskipting einstaklinga sem voru á biðlista eftir liðskiptum á mjöðm.

Ef horft er á hve lengi allir sem biðu liðskipta höfðu beðið var miðgildi<sup>1</sup> 120 dagar en það var mjög misjafnt eftir aðgerðastöðum. Helmingur hópsins sem beið aðgerðar á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafði beðið 50 daga eða skemur en á Landspítala hafði helmingur fólks á biðlista beðið skemur en 127 daga, eða ríflega 4 mánuði. Miðgildi biðtíma þeirra sem biðu eftir liðskiptaaðgerð á Heilbrigðisstofnun Vesturlands var 210 dagar, en í svari frá stofnuninni er tekið fram að 9 af þeim 71 sem beið höfðu fengið boð um aðgerð en kusu að bíða lengur af einhverjum ástæðum. Í reglubundnum biðlistainnköllum hefur biðtími miðast við nýjustu samskipti eða boð um aðgerð. Samkvæmt fyrirætlum um [lágmarksskráningu vistunarupplýsinga](#) á sjúkrahúsum frá 2011 ætti að taka einstaklinga út af biðlista ef þeir afþakka aðgerð og skrá að nýju með nýrri tilvísunardagsetningu ef við á.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri höfðu 14% verið á biðlista lengur en 90 daga en samsvarandi hlutfall var 82% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og 60% á Landspítala. Ef horft er til allra staðanna í heild höfðu 59% beðið lengur en 90 daga, en samkvæmt [viðmiðunarmörkum embættis landlæknis](#) um ásættanlegan biðtíma eftir skurðaðgerð skulu 80% komast í aðgerð innan þriggja mánaða.

Tími á biðlista	SAK	%	HVE	%	LSH	%	Heild	%
<30 dagar	16	31%	5	7%	29	12%	50	13%
30 – 89 dagar	28	55%	8	11%	69	28%	105	28%
3 – 6 mánuðir	4	8%	19	27%	48	19%	71	19%
Hálft til eitt ár	2	4%	26	37%	77	31%	105	28%
Eitt til tvö ár	1	2%	6	8%	24	10%	31	8%
Meira en tvö ár			7	10%	2	1%	9	2%
<b>Samtals</b>	<b>51</b>	<b>100%</b>	<b>71</b>	<b>100%</b>	<b>249</b>	<b>100%</b>	<b>371</b>	<b>100%</b>
<i>Miðgildi</i>	<i>50</i>		<i>210</i>		<i>127</i>		<i>120</i>	

Tafla 1.3. Fjöldi á biðlista á hverju sjúkrahúsi eftir því hvað einstaklingar hafa verið skráðir lengi á biðlista.


<sup>1</sup> Miðgildi fæst með því að raða dagafjölda sem fólk hefur verið á biðlista í röð eftir stærð og finna gildið í miðjunni. Helmingur hópsins hefur því beðið skemur en sem því nemur og hinn helmingurinn hefur beðið lengur. Slíkt gildi er notað í stað meðaltals þegar gildi eru ekki normaldreifð.

Flestir bíða aðgerðar á sjúkrahúsi í sama heilbrigðisumdæmi og þeir hafa lögheimili í, eða á því sjúkrahúsi sem sinnir umdæminu (Austurland er til að mynda hluti af þjónustusvæði Sjúkrahússins á Akureyri). Af 244 íbúum á höfuðborgarsvæðinu sem biðu aðgerðar biðu 80% eftir aðgerð á Landspítala og meirihluti Suðurnesjamanna beið einnig aðgerðar á Landspítala. Þeir 26 íbúar á Vesturlandi sem voru á biðlista biðu flestir aðgerðar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Vestfirðingar dreifðust nokkuð jafnt á aðgerðastaðina þrjá. Af 22 Norðlendingum sem biðu eftir aðgerð voru 20 á biðlista á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Af 40 Sunnlendingum sem biðu aðgerðar voru flestir á biðlista á Landspítala en 8 voru á biðlista á Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Heilbrigðis-umdæmi	SAK	%	HVE	%	LSH	%	Heild	%
<b>Höfuðborgarsv.</b>	14	6%	35	14%	195	80%	<b>244</b>	<b>100%</b>
<b>Suðurnes</b>	3	14%	3	14%	15	71%	<b>21</b>	<b>100%</b>
<b>Vesturland</b>	1	4%	21	81%	4	15%	<b>26</b>	<b>100%</b>
<b>Vestfirðir</b>	3	30%	4	40%	3	30%	<b>10</b>	<b>100%</b>
<b>Norðurland</b>	20	91%	0	0%	2	9%	<b>22</b>	<b>100%</b>
<b>Austurland</b>	6	75%	0	0%	2	25%	<b>8</b>	<b>100%</b>
<b>Suðurland</b>	4	10%	8	20%	28	70%	<b>40</b>	<b>100%</b>
<b>Samtals</b>	<b>51</b>	<b>14%</b>	<b>71</b>	<b>19%</b>	<b>249</b>	<b>67%</b>	<b>371</b>	<b>100%</b>


Tafla 1.2. Fjöldi sem beið aðgerðar, skipt eftir heilbrigðisumdæmum miðað við lögheimili og aðgerðastaðum.

Árið 2013 voru gerðar 595 liðskiptaaðgerðir á mjöðmum, árið 2017 voru aðgerðirnar 773 og árið 2018 voru þær 752 á þessum þremur sjúkrahúsunum. Þá hafa upplýsingar um liðskiptaaðgerðir á mjöðmum á Klíníkinni, Ármúla verið birtar í greinargerðum um biðlista eftir völdum skurðaðgerðum frá 2017.



Mynd 1.2. Fjöldi framkvæmdra aðgerða frá árinu 2013.


Gagnlegt getur verið að horfa á fjölda á biðlista í samhengi við fjölda framkvæmdra aðgerða til að meta biðtíma enda skiptir biðtími einstaklinginn meira máli en fjöldi á biðlista. Í október 2015 má sjá að bið hefur verið mjög löng, þá voru fleiri á biðlista en höfðu gengist undir aðgerð á 12 mánuðunum á undan (1.10.2014 - 30.9.2015). Á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 var gerð 731 aðgerð eða að meðaltali um 14 aðgerðir á viku á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (=731/52). Miðað við þann aðgerðafjölda má áætla að það tæki að meðaltali 26-27 vikur að gera aðgerðir á þeim sem biðu í desember 2019 (=371/14). Í febrúar 2019 var niðurstaða samsvarandi útreikninga 23 vikur. Mjög misjafnt er hins vegar milli aðgerðastaðanna þriggja hve langan tíma má áætla að það tæki að gera aðgerðir á þeim sem biða, miðað við sama fjölda aðgerða og sömu forsendur. Á Landspítala má áætla að það tæki 28 vikur, á Sjúkrahúsinu á Akureyri 12 vikur en 73 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (miðgildi biðtíma styttist þó umtalsvert þar á árinu 2019 eins og greint er frá við mynd 1.4). Fjöldi bráðaaðgerða<sup>2</sup> hefur verið allnokkur, einkum á Landspítala, og getur skekkt útreikningana. Útreikningana skyldi eingöngu hafa til hliðsjónar við mat á stöðunni.



Mynd 1.3. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir. Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (súlur) á tilgreindum tímapiunktum og fjölda aðgerða á undangengnum 12 mánuðum (lína). Í desember 2019 er miðað við fjölda aðgerða á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019.

<sup>2</sup> Í fyrirmælum landlæknis um [lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum](#), 4. útgáfu frá janúar 2011 segir „Bráðainnlögn: Innlögn sem ekki er fyrirfram skipulögð. Þó getur sjúklingur af biðlista lagst inn brátt ef hann er ekki lagður inn samkvæmt biðlistaröðun, þ.e. ef framgangur sjúkdómsins er með þeim hætti að leggja verður hann inn fyrr en áætlað var og taka hann þannig fram fyrir aðra á biðlistanum.“


Nákvæmasta mat á biðtíma fæst með því að skoða biðtíma þeirra sem þegar hafa farið í aðgerð. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala á tímabilinu 1.2.2016-31.1.2017 var 33 vikur en 22 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á árinu 2018. Hjá þeim sem fóru í aðgerð þar á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 var miðgildið 28 vikur. Biðtími þeirra sem fóru í aðgerð á Heilbrigðisstofnun Vesturlands lækkaði mikið á árinu 2019, það var 60 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð árið 2018 en 36 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.10.2018 – 30.9.2019. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð árið 2018 20 vikur en það hafði styst í 9 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.10.2018 – 30.9.2019.



*Mynd 1.4. Miðgildi biðtíma. Myndin sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á fjórum 12 mánaða tímabilum (ekki bærust upplýsingar um miðgildi biðtíma frá Sjúkrahúsinu á Akureyri í fyrri innköllunum).*

## Dulinn biðtími

Bið eftir aðgerð endurspeglar aðeins hluta ferlisins, en einstaklingur fer ekki á biðlista fyrr en skurðlæknir á aðgerðastað hefur metið þörf á aðgerð. Biðtími eftir mati á þörf á aðgerð hefur verið nefndur „dulinn biðtími“.



Mynd 1.6. Ferli frá því grunur kviknar um þörf á aðgerð þar til einstaklingur kemst á biðlista.

Í ársbyrjun 2019 var áætlaður biðtími eftir mati bæklunarlæknis á göngudeild bæklunarlækna á Landspítala 6-8 mánuðir, um 4 mánuðir hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri en innan við 2 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í október 2019 var áætlaður biðtími sá sami á Landspítala, 12-16 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri og 5-6 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands.


Eftir að grunur vaknaði um að þörf gæti verið á liðskiptum á mjöðm þar til „dæmigerður sjúklingur“ hafði gengist undir aðgerð gæti biðtími litið svona út:

- 13 og hálfur mánuður á Landspítala (7 mánuðir í bið eftir skoðun bæklunarlæknis + 28 vikur í bið eftir aðgerð)
- Um 6 mánuðir á Sjúkrahúsinu á Akureyri (17 vikna bið eftir skoðun bæklunarlæknis + 9 vikur í bið eftir aðgerð)
- Tæpir 9 mánuðir á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (tveggja vikna bið eftir skoðun bæklunarlæknis + 36 vikna bið eftir aðgerð)

Er þá miðað við að einstaklingur hafi beðið sem nemur miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 og áætluðum biðtíma eftir skoðun bæklunar-skurðlæknis skv. upplýsingum í ársbyrjun 2019.

## Aðgerðatíðni

Fjöldi liðskiptaaðgerða á mjöðmum á hverja 100.000 íbúa á Íslandi á má sjá í [mælaborði](#) lýðheilsu á vef embættis landlæknis<sup>3</sup>. Þar eru tölur greindar eftir kyni og búsetu en tölurnar byggja á [vistunarskrá heilbrigðisstofnana](#) og innihalda gögn frá Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Tölurnar eru aldursstaðlaðar og brotnar niður á aldur, kyn og heilbrigðisumdæmi. Þær upplýsingar þurfa því að hafa verið skráðar svo aðgerð teljist með í útreikningum sem liggja að baki mælaborðinu. Aldurstöðlun og brottfall þeirra sem ekki eru með allar upplýsingarnar skráðar skýrir hvers vegna tölurnar eru ekki nákvæmlega eins og tölur sem birtar eru í alþjóðlegri tölfræði. Aðgerðatíðni árið 2018 jafngildir 203,9 aðgerðum á hverja 100.000 íbúa (203,9/100.000). Aðgerðatíðni á íbúum á Norðurlandi hefur verið marktækt hærri en aðgerðatíðni á landsvísu frá árinu 2016 og var 291,1/100.000 árið 2018.



Mynd 1.7. Aðgerðatíðni á Íslandi á hverja 100.000 íbúa samkvæmt mælaborði lýðheilsu.


<sup>3</sup>Embætti landlæknis. „Liðskiptaaðgerðir á mjöðm, á 100.000 íbúa“. Mælaborð lýðheilsu. Sótt 10. janúar 2020 af <https://www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsoknir/maelaborb/>



Í skýrslu OECD, [Health at a Glance 2019](#), segir að liðskiptaaðgerðum á mjöðmum í aðildalöndum OECD hafi fjölgað um 30% frá árinu 2007 til 2017. Árið 2017 voru gerðar 182 aðgerðir á hverja 100.000 íbúa (182/100.000) í 32 löndum OECD. Á sama tíma var aðgerðatíðni 224/100.000 á Íslandi, 240-271/100.000 á hinum Norðurlöndunum og 309/100.000 í Þýskalandi<sup>4</sup>. Í samsvarandi [skýrslu OECD](#) frá árinu 2017 segir að aðgerðatíðni í OECD löndum árið 2015 hafi verið 166/100.000 en 147/100.000 á Íslandi<sup>5</sup>. Aðgerðatíðni jókst þannig um 10% að meðaltali í OECD löndunum frá árinu 2015 til 2017 á sama tíma og hún jókst um 52% á Íslandi (hafa ber í huga að árið 2015 voru aðgerðir á Íslandi færri en áður, eins og sjá má á mynd 1.7, en það ár voru deilur á vinnumarkaði sem leiddu til verkfalla heilbrigðisstétta).

Samanburð milli landa ber að gera með fyrirvara, í sumum löndum er t.d. eingöngu um að ræða fjölda aðgerða sem gerður var á opinberum sjúkrahúsum (líkt og á Íslandi) og samkvæmt skýrslunni ná tölur frá sumum löndum eingöngu yfir liðskipti að fullu.

### Liðskipti á mjöðm, fjöldi aðgerða á hverja 100.000 íbúa árið 2017



Mynd 1.8. Myndin sýnir fjölda liðskiptaaðgerða á mjöðmum á hverja 100.000 íbúa í OECD löndum árið 2017.

<sup>4</sup> OECD (2019), "Hip and knee replacement", í *Health at a Glance 2019: OECD Indicators*, OECD Publishing, París. <https://doi.org/10.1787/2fc83b9a-en>

<sup>5</sup> OECD (2017), "Hip replacement surgery, 2015 (or nearest year)", í *Health care activities*, OECD Publishing, París, [https://doi.org/10.1787/health\\_glance-2017-graph165-en](https://doi.org/10.1787/health_glance-2017-graph165-en)


### **Samantekt og samanburður á biðtíma**

Aðgerðatíðni hefur hækkað umtalsvert á Íslandi og var hærri en að meðaltali í 32 OECD löndum árið 2017. Hún er þó enn heldur lægri en á öðrum Norðurlöndum.

Bið eftir liðskiptum á mjöðm er utan ásættanlegra viðmiða fyrir flesta. Miðgildi biðtíma í 16 löndum OECD var 95 dagar árið 2017 eða 13,5 vikur. Í Danmörku var miðgildið 29 dagar, í Svíþjóð 75 dagar, í Noregi 114 dagar og 246 dagar í Póllandi. Til upprifjunar var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í liðskiptaaðgerð á mjöðm á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 28 vikur (196 dagar) á Landspítala, 9 vikur (63 dagar) á Sjúkrahúsinu á Akureyri og 36 vikur (252 dagar) á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Er þá ekki talinn með sá tími sem fer í að bíða eftir mati bæklunarskurðlæknis á þörf á aðgerð, en í tölum OECD er reiknað með að bið hefjist eftir að sérfræðingur hefur skráð einstakling á biðlista, líkt og gert er í úrvinnslu embættis landlæknis.

## 2. Liðskipti á hné

Á sjúkrahúsunum þremur voru 777 skráningar á biðlista eftir liðskiptum á hné. Ef horft er á fjölda á biðlista frá árinu 2014 voru flestir skráðir á biðlista í febrúar 2016, um það leyti sem biðlistaátaki var hleypt af stokkunum, 867 einstaklingar.



Mynd 2.1. Heildarfjöldi á biðlista eftir liðskiptum á hné.

Á heildina litið var meðalaldur þeirra sem voru á biðlista 67,7 ár. Hann var 67,4 ár bæði á Sjúkrahúsinu á Akureyri og Landspítala en þeir sem biðu aðgerðar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands voru að meðaltali 68,7 ára. Tæplega þrír af hverjum fjórum einstaklingum á biðlista voru á aldrinum 60 til 79 ára.

Aldurshópur	Fjöldi
40 - 49	14
50 - 59	120
60 - 69	328
70 - 79	240
80 - 89	72
90 - 99	3
<b>Samtals</b>	<b>777</b>

Tafla 2.1. Aldursskipting einstaklinga sem voru á biðlista eftir liðskiptum á hné.

Þegar skoðað er hve lengi fólk hafði verið skráð á biðlista má sjá að miðgildi er mjög misjafnt eftir aðgerðastöðum. Helmingur þeirra 117 sem biðu aðgerðar á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafði beðið 56 daga eða skemur en á Landspítala hafði helmingur fólks á biðlista beðið skemur en 169 daga, eða 5 og hálfan mánuð. Miðgildi biðtíma þeirra sem biðu eftir liðskiptaaðgerð á Heilbrigðisstofnun Vesturlands var 227 dagar.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri höfðu 85% verið á biðlista skemur en 90 daga. Samsvarandi hlutfall var 23% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands en fjórðungur fólks sem bíður aðgerðar þar hefur beðið lengur en ár. Í svari frá stofnuninni er tekið fram að fólk sem skráð hefur verið á biðlista svo lengi hefur fengið boð um aðgerð en viljað bíða lengur (n=26). Í almennum biðlistainnköllum hefur biðtími miðast við nýjustu samskipti eða boð um aðgerð. Á Landspítala höfðu 35% verið á biðlista skemur en 3 mánuði en um þriðjungur hafði beðið í hálf til eitt ár. Ef horft er til allra aðgerðastaðanna í heild höfðu 40% beðið skemur en 90 daga, en samkvæmt [viðmiðunarmörkum embættis landlæknis](#) um ásættanlegan biðtíma eftir skurðaðgerð skulu 80% komast í aðgerð innan þriggja mánaða.

Tími á biðlista	SAk	%	HVE	%	LSH	%	Heild	%
<30 dagar	31	26%	11	8%	52	10%	94	12%
30 – 89 dagar	69	59%	22	15%	128	25%	219	28%
3 – 6 mánuðir	15	13%	29	20%	101	20%	145	19%
Hálft til eitt ár	2	2%	46	32%	166	32%	214	28%
Eitt til tvö ár			17	12%	69	13%	86	11%
Meira en tvö ár			18	13%	1	0%	19	2%
<b>Samtals</b>	<b>117</b>	<b>100%</b>	<b>143</b>	<b>100%</b>	<b>517</b>	<b>100%</b>	<b>777</b>	<b>100%</b>
<b>Miðgildi</b>	<b>56</b>		<b>227</b>		<b>169</b>		<b>148</b>	

Tafla 2.2. Fjöldi á biðlista á hverju sjúkrahúsi eftir því hvenær einstaklingar voru skráðir á biðlista.


Flestir biðu aðgerðar á sjúkrahúsi í sínu umdæmi. Átta af hverjum 10 íbúum á höfuðborgarsvæðinu sem biðu eftir liðskiptum á hné voru á biðlista á Landspítala en þar biðu þó einnig 20% þeirra íbúa á Vesturlandi sem biðu aðgerðar. Allir nema einn þeirra 52 Norðlendinga sem biðu aðgerðar voru á biðlista á Sjúkrahúsínu á Akureyri.

Heilbrigðis- umdæmi	SAK	%	HVE	%	LSH	%	Samtals	%
<b>Höfuð- borgarsv.</b>	30	6%	74	15%	386	79%	<b>490</b>	<b>100%</b>
<b>Suðurnes</b>	2	4%	6	12%	42	84%	<b>50</b>	<b>100%</b>
<b>Vesturland</b>	3	5%	50	76%	13	20%	<b>66</b>	<b>100%</b>
<b>Vestfirðir</b>	3	21%	3	21%	8	57%	<b>14</b>	<b>100%</b>
<b>Norðurland</b>	51	98%	0	0%	1	2%	<b>52</b>	<b>100%</b>
<b>Austurland</b>	21	84%	1	4%	3	12%	<b>25</b>	<b>100%</b>
<b>Suðurland</b>	7	9%	9	11%	64	80%	<b>80</b>	<b>100%</b>
<b>Samtals</b>	<b>117</b>	<b>15%</b>	<b>143</b>	<b>18%</b>	<b>517</b>	<b>67%</b>	<b>777</b>	<b>100%</b>

Tafla 2.3. Fjöldi sem beið aðgerðar, skipt eftir heilbrigðisumdæmum miðað við lögheimili og aðgerðastöðum.

Árið 2013 var gerð 421 liðskiptaaðgerð á hné, árið 2017 voru aðgerðirnar 744 og á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 voru aðgerðirnar 830 á Landspítala, Sjúkrahúsínu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Skiptingu eftir aðgerðastöðum má sjá á mynd 2.2. en myndin sýnir jafnframt fjölda framkvæmdra aðgerða á Klíníkinni, Ármúla.


### Liðskiptaaðgerð á hné: Fjöldi framkvæmdra aðgerða



Mynd 2.2. Fjöldi framkvæmdra aðgerða frá árinu 2013.


Mynd 2.3. sýnir fjölda á biðlista í samhengi við fjölda framkvæmdra aðgerða. Í október 2015 má glögglega sjá að bið hefur verið mjög löng, enda voru meira en tvöfalt fleiri á biðlista en höfðu gengist undir aðgerð á 12 mánuðunum á undan. Ef horft er á tímamarkana október 2015 og desember 2019 má sjá að aðgerðum á hvoru 12 mánaða tímabili fjölgaði um 505 eða 155% (úr 325 í 830). Þrátt fyrir það voru einungis 67 færri einstaklingar á biðlista í desember 2019 (n=777) en október 2015 (n=844). Innstreymi á biðlista hefur því aukist mikið á síðustu misserum.

Frá 1.10.2018 – 30.9.2019 voru gerðar 830 aðgerðir, eða að meðaltali um 16 aðgerðir á viku (=830/52) á þessum þremur aðgerðastöðum. Aðgerðum fjölgaði um næstum 100 frá árinu 2018 (þá voru gerðar 734 aðgerðir eins og sjá má á mynd 2.2). Miðað við 830 aðgerðir á ári má áætla að það tæki að meðaltali um 49 vikur að gera aðgerðir á þeim 777 sem biðu í desember 2019 (=777/16). Samsvarandi útreikningar leiddu í ljós að það tæki um 27 vikur að gera aðgerð á þeim sem bíða eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm eins og áður sagði (mynd 1.3). Mjög misjafnt er hins vegar milli aðgerðastaðanna þriggja hve langan tíma má áætla að það tæki að gera aðgerðir á þeim sem bíða, miðað við sömu aðgerðatíðni og sömu forsendur á aðgerðastöðunum og sl. 12 mánuði. Á Landspítala má ætla að það tæki 58 vikur, á Sjúkrahúsinu á Akureyri 26 vikur en 56 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (þar fjölgaði liðskiptaaðgerðum á hnjám þó nokkuð á síðasta tímabilinu og miðgildi biðtíma styttest). Eins og tilgreint var í texta við sambærilega mynd fyrir liðskipti á mjöðm eru þessir útreikningar eingöngu settir fram til hliðsjónar við mat á stöðunni og gefa ekki til kynna biðtíma einstaklinga.



Mynd 2.3. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir. Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (súlur) á tilgreindum tímamarknum og fjölda aðgerða á undangengnum 12 mánuðum (lína). Við desember 2019 er miðað við fjölda aðgerða á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019.

Eini mælikvarðinn sem sýnir raunverulegan biðtíma einstaklinga er miðgildi biðtíma þeirra sem hafa farið í aðgerð. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala á tímabilinu 1.2.2016-31.1.2017 var 58 vikur en 36 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á árinu 2018. Hjá þeim sem fóru í aðgerð þar á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 var miðgildið 38 vikur. Biðtími þeirra sem fóru í aðgerð á Heilbrigðisstofnun Vesturlands lækkaði mikið á árinu 2019, það var 61 vika hjá þeim sem fóru í aðgerð árið 2018 en 33 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.10.2018 – 30.9.2019. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð árið 2018 22 vikur en það hafði styst í 12 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.10.2018 – 30.9.2019.



*Mynd 2.4. Miðgildi biðtíma. Myndin sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á fjórum 12 mánaða tímabilum (ekki bærust upplýsingar um miðgildi biðtíma frá Sjúkrahúsinu á Akureyri í fyrri innköllunum).*

Eins og greint var frá á mynd 1.6. endurspeglar sá biðtími sem hefur verið til umfjöllunar einungis bið eftir að einstaklingur hefur verið metinn í þörf fyrir aðgerð af bæklunarskurðlækni á viðkomandi stofnun. Í ársbyrjun 2019 var áætlaður biðtími eftir skoðun bæklunarlæknis á göngudeild bæklunarlækna á Landspítala 6-8 mánuðir, um 4 mánuðir hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri en innan við 2 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í október 2019 var áætlaður biðtími sá sami á Landspítala, 12-16 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri og hafði lengst í 5-6 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, en á sama tíma hefur miðgildi biðtíma eftir að einstaklingur fór á biðlista styst umtalsvert.

Eftir að grunur vaknaði um að þörf gæti verið á liðskiptum á hné þar til „dæmigerður sjúklingur“ hafði gengist undir aðgerð gæti heildarbiðtími litið svona út:

- Tæpir 16 mánuðir á Landspítala (7 mánuðir í bið eftir skoðun bæklunarlæknis + 38 vikur í bið eftir aðgerð)
- 6-7 mánuðir á Sjúkrahúsinu á Akureyri (17 vikna bið eftir skoðun bæklunarlæknis + 12 vikur í bið eftir aðgerð)
- 8 mánuðir á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (tveggja vikna bið eftir skoðun bæklunarlæknis + 33 vikna bið eftir aðgerð)

Er þá miðað við að einstaklingur hafi beðið sem nemur miðgildi biðtíma eftir aðgerð á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 og biðtíma eftir skoðun bæklunarskurðlæknis eins og biðtími var áætlaður í janúar 2019.



## Aðgerðatíðni

Í alþjóðlegum samanburði er oft og tíðum eingöngu átt við frumendurnýjun hnéliðar að fullu og önnur liðskipti útilokuð úr tölfræði. Í biðlistainnköllumum embættis landlæknis hefur ekki verið gerður greinarmunur á hvort aðgerð hafi verið liðskipti að hluta eða að fullu eða hvort um er að ræða frumaðgerð eða enduraðgerð á sama hné. Í mynd sem birt var í [skýrslu OECD](#) árið 2017 og miðast við aðgerðatíðni árið 2015 eru birtar tölur fyrir Ísland árið 2010 og voru þar *allar* liðskiptaaðgerðir á hnjám taldar með. Sá samanburður sýndi að aðgerðatíðni á Íslandi árið 2010 (132/100.000) var hærri en að meðaltali í 33 löndum OECD árið 2015 (126/100.000). Tölur eru ekki fyllilega samanburðarhæfar á milli landa og ber að túlka niðurstöðurnar með þeim fyrirvara<sup>6</sup>.

Töluverður munur er á tegundum aðgerða milli aðgerðastaða samkvæmt skráningu í vistunarskrá heilbrigðisstofnana sem getur orsakast af ólíkri notkun aðgerðakóða. Af þeim sökum eru ekki birtar tölur fyrir mismunandi tegundir liðskipta á hné í þessari greinargerð. Embætti landlæknis hefur hafið vinnu við að samræma enn frekar skráningu milli aðgerðastaða.

## Samantekt og samanburður á biðtíma

Bið eftir liðskiptum á hné er óásættanleg fyrir flesta. Áætla má að dæmigerður einstaklingur sem fór í aðgerð á Landspítala á fyrri hluta þessa árs hafi þurft að bíða tæpa 9 mánuði eftir aðgerð frá því að bæklunarskurðlæknir mat þörf á aðgerðinni og setti viðkomandi á biðlistann. Ef bið eftir skoðun læknisins er talin með má reikna með að heildarbiðtími hafi numið tæplega 16 mánuðum. Biðtími er umtalsvert styttri á Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Miðgildi biðtíma í 16 löndum OECD árið 2017 var 114 dagar frá því að skurðlæknir mat þörf á aðgerðinni og setti einstakling á biðlista<sup>7</sup>. Í Danmörku var það 33 dagar, 90 dagar í Svíþjóð, 141 í Noregi og 335 í Póllandi. Miðgildi biðtíma á Landspítala á tímabilinu 1.10.2018 – 30.9.2019 var 266 dagar, 84 dagar á Sjúkrahúsinu á Akureyri og 231 dagar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

---

<sup>6</sup> OECD (2017), „Hip and knee replacement“ í *Health at a Glance 2017: OECD Indicators*, OECD Publishing, París. [https://dx.doi.org/10.1787/health\\_glance-2017-65-en](https://dx.doi.org/10.1787/health_glance-2017-65-en)

<sup>7</sup> OECD (2019), *Health at a Glance 2019: OECD Indicators*, OECD Publishing, París. <https://doi.org/10.1787/888934015942>

## Ályktanir

Liðskiptaaðgerðir geta aukið lífsgæði einstaklinga mikið og ekki einungis verið mikilvægar fyrir einstaklinginn sjálfan heldur haft jákvæð samfélagsleg áhrif. Löng bið hefur neikvæð áhrif á upplifun sjúklinga, dregur úr hagkvæmni aðgerðanna og hefur áhrif á lífsgæði sjúklinga.<sup>8</sup> Liðskiptaaðgerðum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum en innstreymi á biðlista veldur því að biðtími er enn töluvert umfram viðmið um ásættanlegan biðtíma fyrir flesta. Ýmsir þættir hafa áhrif á afkastagetu sjúkrahúsa og þar með bið eftir skurðaðgerð. Eins og fjallað hefur verið um í úttektum embættisins vegna alvarlegrar stöðu á bráðamóttöku Landspítala og greinargerðum um bið eftir hjúkrunarrýmum hefur langur biðtími eftir hjúkrunarrýmum neikvæð áhrif á afkastagetu Landspítala. Um mánaðamótin september/október 2019 voru 10% af opnum legurýmum á spítalanum notuð af einstaklingum með gilt færni- og heilsumat sem biðu eftir úrræði utan spítalans. Hlutfallið var 15% í byrjun desember 2019 og 23% ef einstaklingar sem biðu eftir endurhæfingu á Landakoti voru taldir með.<sup>9</sup> Við bætist að einungis hluti legurýma sjúkrahússins er opinn vegna skorts á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Skortur á legurýmum og starfsfólki getur einnig leitt til frestana á aðgerðum, en sundurliðun á frestunum aðgerða má sjá á mynd C.1 í [greinargerð](#) um bið eftir völdum aðgerðum sem birt var í desember 2019. Í þeirri greinargerð kemur fram að 87 bæklunaraðgerðum var frestað á Landspítala á tímabilinu 1.10.2018 - 30.9.2019, oftast vegna bráðaaðgerða. Ljóst er að biðtími eftir skurðaðgerð lengist eftir því sem fleiri aðgerðum er frestað og því er mjög mikilivægt að halda frestunum í lágmarki. Eins og áður hefur verið bent á er brýnt að leita leiða til að fjölga hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum á Landspítala og stuðla að því að sem flestir fái heilbrigðisþjónustu á viðeigandi þjónustustigi, svo hægt verði að auka afkastagetu Landspítala.

Eins og áður sagði hafa biðlistar ekki styst í takt við fjölgun aðgerða. Líklegar skýringar eru fjölgun í efri aldurshópum, vaxandi ofþyngd og offita sem og auknar kröfur um eigin getu og hreyfingu. Þá eru vísbendingar um að tíðni slitgigtar í mjöðmum sé hærri héraendis en slíkt hefur ekki verið skoðað varðandi slitgigt í hnjám. Bið eftir mati bæklunarskurðlæknis á hvort aðgerðar sé þörf hleypur á mánuðum á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Embætti landlæknis hvetur stjórnendur á sjúkrahúsunum til að finna leiðir til að bæta úr því. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala frá árinu 2019 var ekki talin þörf á aðgerð hjá fjórðungi þeirra sem komu til bæklunarskurðlæknis til að meta þörf á aðgerð. Það væri til mikilla hagsbóta ef hægt væri að greina fyrr hverjir þurfa í aðgerð og hverjir ekki. Þótt niðurstaða innköllunarinnar hafi ekki leitt í ljós að mikið væri um tvískráningar á biðlista reyndust þó 24 einstaklingar vera á biðlista eftir aðgerð á fleiri en einum stað. Þeir hafa þá fengið mat hjá fleiri en einum bæklunarskurðlækni. Flestir bíða aðgerðar á sjúkrahúsi í sama heilbrigðisumdæmi og þeir hafa lögheimili í en hugsanlega mætti benda einstaklingum í meira mæli á þann möguleika að fara í aðgerð fjær sínu lögheimili þar sem biðtími kann að vera hagstæðari. Þá þarf að styrkja þá aðgerðastaði enn frekar. Þegar rafrænn, miðlægur biðlisti verður kominn í gagnið er líklegt að dreifing einstaklinga milli landshluta breytist.

<sup>8</sup> Mascarenhas, R. (2009). The Manitoba arthroplasty waiting list: impact on health-related quality of life and initiatives to remedy the problem. *J Eval Clin Pract.* Feb;15(1):208-211

<sup>9</sup> Starfsemissupplýsingar Landspítala, nóvember 2019. [https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Rit-og-skyrslur/Starfsemissupplýsingar-LSH/2019/Starfsemissupplýsingar\\_LSH\\_november\\_2019.pdf?download=true](https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Rit-og-skyrslur/Starfsemissupplýsingar-LSH/2019/Starfsemissupplýsingar_LSH_november_2019.pdf?download=true)

Biðlistaátak í þessum flokki aðgerða hefur staðið frá árinu 2016. Árið 2019 var samið um 570 aðgerðir í biðlistaátaki, þ.e. aðgerðir umfram fasta fjármögnun, og stóðu sjúkrahúsin við umsaminn fjölda aðgerða árið 2019 samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti. Á Landspítala fækkaði umsömdum fjölda aðgerða í biðlistaátaki um 72 frá árinu 2016 til 2019, en ekki tókst að framkvæma jafnmargar aðgerðir og samið hafði verið um árið 2018, sem tengdist afkastagetu Landspítala. Á sama tíma fjölgaði aðgerðum í biðlistaátaki um 135 á Sjúkrahúsinu á Akureyri en þar er jafnframt styttri biðtími en á Landspítala. Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, voru gerðar 70 aðgerðir í biðlistaátaki árið 2019. Þar stýttist biðtími umtalsvert milli ársins 2018 og tímabilsins 1.10.2018 – 30.9.2019 og bið eftir mati bæklunarskurðlæknis er margfalt styttri en á Landspítala.

Yfirlit yfir biðlistaátak	2016			2017			2018			2019		
	Fjöldi aðgerða sem samið var um	Fjöldi framkvæmdra aðgerða	Mismunur á umsömdum fjölda aðgerða og fjölda framkvæmdra aðgerða	Fjöldi aðgerða sem samið var um	Fjöldi framkvæmdra aðgerða	Mismunur á umsömdum fjölda aðgerða og fjölda framkvæmdra aðgerða	Fjöldi aðgerða sem samið var um	Fjöldi framkvæmdra aðgerða	Mismunur á umsömdum fjölda aðgerða og fjölda framkvæmdra aðgerða	Fjöldi aðgerða sem samið var um	Fjöldi framkvæmdra aðgerða	Mismunur á umsömdum fjölda aðgerða og fjölda framkvæmdra aðgerða
<b>Liðskiptaaðgerðir á mjöðmum/hnjám</b>												
Landspítali	340	288	-52	281	302	21	290	237	-53	268	280	12
Sjúkrahúsið á Akureyri	120	146	26	140	163	23	200	233	33	255	257	2
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	70	52	-18	70	60	-10	37	53	16	70	72	2
	530	486	-44	491	525	34	527	523	-4	593	609	16

Tafla 3. Umsaminn fjöldi aðgerða í biðlistaátaki og fjöldi aðgerða sem voru raunverulega framkvæmdar samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti.

Staða á biðlistum er töluvert verri hvað varðar liðskipti á hné en mjöðm. Embætti landlæknis leggur til að liðskipti á mjöðm og hné verði sundurgreind ef samið verður við aðgerðastaði um ákveðinn fjölda aðgerða; gerðar verði kröfur um fleiri aðgerðir á hnjám.

*Agnes Gísladóttir, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsing sviði*

*Laura Sch. Thorsteinsson, teymisstjóri úttekta á sviði eftirlits og gæða*

*Ólöf Elsa Björnsdóttir, verkefnisstjóri á sviði eftirlits og gæða*

*Sigríður Haralds Elínardóttir, sviðsstjóri á heilbrigðisupplýsing sviði*